

Ár 2013, fimmtudaginn 17. janúar kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Ninna Sif Svavarsdóttir formaður setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

**1. Bréf sem borist hafa frá:**

**1.1. Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 7. janúar 2013.**

Í bréfinu er kynntar dagsetningar samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk í grunnskólum 2013.

Lagt fram til kynningar.

**1.2. Nordjobb frá 8. janúar 2013.**

Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær taki 2 norræn ungmenni í sumarstörf.

Bæjarráð telur ekki forsendur til að taka fólk til starfa hjá bænum í gegnum Nordjobb þetta árið.

**2. Tæknileg málefni:**

**2.1. Minnisblað frá skipulags- og byggingafulltrúa frá 14. janúar vegna útboðs á slætti og hirðu opinna svæða í Hveragerði.**

Samningur um slátt og hirðu opinna svæða bæjarins rann út sl. haust. Verkfræðistofa Suðurlands í samvinnu við Guðrúnu Rósu Hólmarsdóttir hefur gert ný útboðsgögn fyrir slátt og hirðu.

Bæjarráð samþykkir að útboðið fari fram sem allra fyrst.

Samningstímabilið verði 15. maí 2013 til 15. september 2014.

**3. Starfsáætlun:**

**3.1. Starfsáætlun yfirstjórnar fyrir árið 2013.**

Lögð fram starfsáætlun yfirstjórnar fyrir árið 2013 sem byggir á ákvörðunum bæjarstjórnar í fjárhagsáætlun 2013 og öðrum áætlunum sem lagðar hafa verið fram til samþykktar í bæjarstjórn.

Starfsáætlunin samþykkt.

**4. Fundargerðir til kynningar:**

- 4.1. **Héraðsnefnd Árnesinga frá 17. desember 2012.**
- 4.2. **Sorpstöðvar Suðurlands bs frá 8. janúar 2013.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 8:35

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)